

Ed. 683. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [178. mál]

í málinu: Frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

Með því að deildin telur tímabært, að tekin verði til athugunar skipun sveitarstjórnarmála í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, telur hún það eðlilegustu meðferð þessa máls, að ríkisstjórnin skipi nú þegar 9 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig best verði fyrir komið til frambúðar skipan sveitarstjórnarmála í næsta nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að bæði þessir bæir og núverandi nágrennasveitarfélög þeirra megi vel við una, og sé nefndin skipuð mönnum tilnefndum af þeim sveitarfélögum öllum, sem hér eiga hlut að máli, og enn fremur af sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Í trausti þess, að nefnd þessi hraði störfum svo, að tillögur hennar geti komið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.